

Nd.

46. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög].

Flutningsm.: Pjetur Þórðarson.

1. gr.

1. grein laganna orðist svo:

Eftir lögum þessum geta komið til skifta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða, tún, sáðreitir, engi, landsnyttjar aðrar og hlunnindi, svo og mannvirki, sem tvö eða fleiri býli hafa til samnota og ekki hefir verið áður skift til eignar eða afnota, svo sannað verði eða viðurkennt af öllum eigendum.

Nú er túni, sáðreitum, slægjum eða öðrum landsnyttjum á sameignarjörð áður skift, og hafa skiftin ekki verið staðfest samkvæmt 10. eða 13. gr. þessara laga, og má þá krefjast skifta að nýju, að svo miklu leyti, sem þau geta gert hagkvæmara skipulag á hverri eign fyrir sig og eru í samræmi við ákvæði 6. gr. 2. másl., 7. gr. og 8. gr.; þó skal þess gætt að raska ekki hlutföllum ræktaðs lands, nema samþykki aðilja komi til.

2. gr.

2. grein laganna orðist svo:

Hver einstakur eigandi eða umráðamaður jarðar, jarðarparts eða landsnyttja getur krafist skifta samkvæmt lögum þessum. Skiftin skulu vera til fullrar eignar og ætíð miðuð við lögmæt eignahlutföll lands og landsnyttja, sem eigi hefir verið áður skift. Skal ekki aðeins farið eftir stærð lands að flatar máli, heldur og gæðum þess og verðmæti á hverjum stað. Eigi má þó staðbundin skifti gera á námarjetti, veiði í vötnum eða sjó, selveiði, fuglaveiði með háf eða skotum, reka, vergögnum, lóðagjöldum, beitutekju, þörungum föstum og lausum og fjörubeit, nema samþykki allra eigenda komi til.

Um umráð og notkun vatns og fallvatna, svo og um girðingar, fer eftir almennum lögum.

3. gr.

3. laganna orðist svo:

Úttektarmenn skulu vera matsmenn og gera skiftin hver i sinu um-

dæmi. Ef úttektarmaður er hindraður, við málið riðinn eða nákominn aðiljum, kveður sýslumaður annan í hans stað. Sýslumaður skal og kveðja oddamann til skiftagerða, skal hann vera formaður matsmanna, stýra skiftum og annast bókun skiftagerðar. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum.

Matsmenn fá þóknun fyrir skifti eftir 6. og 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917. Oddamaður fær þó $\frac{1}{6}$ hlut hærri þóknun að öllu samlögðu en hinir.

4. gr.

4. grein orðist svo:

Pegar skifta skal landi eða landsnyttjum, skal hjóða öllum eigendum og öðrum þeim, er notkunarrjett hafa á því, er til skifta getur komið, að vera við skiftin og gefinn kostur á að upplýsa málið fyrir matsmönnum, en gætt skal þess, að matsstörfin dragist ekki fyrir það lengur en nauðsyn krefur. Hið sama gildir og við yfirmat, en ekki skulu þeir þó viðstaddir, er matsmenn eða yfirmatsmenn ræða milli sín úrslit skiftanna eða ráða þeim til lykta.

Hver sá eigandi, sem er óánægður með skiftin, getur heimtað yfirmat. Rjett til að heimta yfirmat hefir einnig hver veðhafi í eign þeirri, er skift er, um eitt ár frá því að sýslumaður hefir tilkynt honum skiftin.

5. gr.

5. grein orðist svo:

Sýslumaður skal dómkveðja 4 menn óvilhalla til að framkvæma yfirmat, en sjálfur skal hann vera formaður þeirra og stýra matinu. Heimilt er honum þó að kveðja annan í sinn stað. Yfirmatsmenn fá í dagpeninga og fæðispeninga 7 krónur og ferðakostnað eftir reikningi. Úrskurðar sýslumaður reikninga yfirmatsmanna; þó má skjóta úrskurði hans undir fullnaðarúrskurð dómsmálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninga hans sjálfs.

Kostnað við skifti greiði sá, er þeirra beiðist, ef skiftatilraun verður árangurslaus sökum vanheimilda, svo og við yfirmat, ef engin breyting er gerð á skiftum; ella skiftist allur kostnaður á eigendur að tiltölu við eignahlutföll þess, er skiftin ná til.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi jafnskjótt og þau hafa hlotið konunglega staðfestingu. Skal þá jafnframt meginmál þeirra fært inn í aðallögin og þau þannig gefin út í einni heild sem lög frá Alþingi.

Greinargerð.

Við framkvæmd landskiftalaganna frá 10. nóv. 1913 hefir það komið í ljós, að ákvæði þeirra eru að sumu leyti ófullnægjandi og lögin því ekki fyllilega náð tilgangi sínum. Þetta verður skýrt nánar í eftirfarandi athugasemdum um hinar einstöku greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í fyrri málsgrein er dregið saman aðalefni og ákvæði fyrri málsl. 1. gr. og 1. málsl. 3. gr. laganna, og þó viðtækari en í lögnum, þannig að skifti geta náð til hverskonar sameignar sem vera skal á sveitajörðum, og hlunninda með skilyrðum, sem sett eru í næstu gr.

Alengt er það á sameignar- og sambýlisjörðum, að tünnum, sáðreitum og engjum er skift, þótt annað land og landsnyttjar sje óskift. Skiftin eru oft óhagkvæm að skipulagi, þótt ekki geti aðiljar komið sjer saman um að breyta því. Slík skipulagsbreyting er ekki heimil eftir lögnum, en ætti að vera jafnsjálfsögð og mörg önnur ákvæði þeirra, og því er hún hjer upp tekin i síðari hluta greinarinnar.

Um 2. gr.

Hún kemur að mestu leyti í stað 3. gr. laganna. Í 3. gr. laganna er svo ákveðið, að landskifti sknli miðast við stærð jarðar eða jarðarparts eftir jarðamati. Þetta ákvæði er hættlegt og getnr ómaklega svift menn rjettmætri eign sinni, þegar breyting hefir orðið eða verður á jarðamati. Dæmi: Maðnr á $\frac{3}{4}$ hluta jarðar metið á 9000 kr. $\frac{1}{4}$ hluti sömn jarðar er sjerstakt býli með túni, sáðreitum og engjum með viðurkendum merkjum, og hefir sá hluti fengið svo miklar umbætnr á hinu skifta landi nmfram hina $\frac{3}{4}$ hluta, að hann er metinu á 4500 kr. Við skifti á landi þessarar jarðar fær eigandi fjórða hlutans $\frac{1}{3}$ hluta af áðnr óskiftu landi eftir ákvæði laganna, i stað $\frac{1}{4}$ hluta, sem honnm ber með rjettu. Í gr. er þessu breytt svo, að væntanlega verður ekki nm vilst.

Í 3. gr. laganna er það lagt á vald eigenda að meiri hluta lands, *sem hlunnindi fylgja*, hvort því skuli skift. Þetta ákvæði stríðir gegn anda og ákvæðnum laganna að öðru leyti. Sem dæmi má nefna: 4 menn eiga jörð með óskiftu landi, sem liggur að sjó, og fylgir því selveidi, reki o. fl. hlunnindi, 1 maðnr á meiri hluta jarðarinnar, hinir 3 vilja fá skift landinu (ekki hlunnindum), og geta þeir þá ekki fengið skiftin, ef hinn eini eigandi meiri hluta þess vill ekki samþykkja þan. Jafnvel þótt dæminu væri snúið við og eigendur að meiri hluta landsins væru 3, þá virðist eigi sanngjarnt, að þeir hefðn heimild til að synja einnm eiganda nm skiftin. Í frv. er því þetta ákvæði felt niður, en aftur á móti tekin upp í greinina upptalning ýmsra hlunninda, sem erfitt er að gera staðbundin skifti á, og því aðeins heimilt að skifta, að allir aðiljar samþykki.

Um 3. gr.

3. gr. frv. kemur í stað 2. gr. laganna, litið breytt að efni. Niðurlag greinarinnar er að mestu leyti í samræmi við gildandi lög nm þóknun fyrir landskifti.

Um 4. gr.

4. gr. frv. endurtekur nokknr ákvæði laganna með skipulagsbreytingum.

Um 5. gr.

Í henni eru þessar efnisbreytingar:

a. Að sýslumanui er heimilað að kveðja annan mann í sinn stað við yfirmat.

Það getur oft verið hagkvæmara, án þess að rjettðæmisöryggi sje hættu búin.

- b. Hækkuð þóknun til yfirmatsmanna. Þarf ekki skýringa.
- c. Að kostnað við skifti greiði sá, er þeirra beiðist, ef þau verða árangurslaus sökum vanheimilda. Það getur auðveldlega komið fyrir, að skifta sje krafist og að það komi í ljós þegar matsmenn eru komnir á vettvang, að skiftatilaun verði árangurslaus, vegna þess að heimild til skifta felist ekki í lögnum. Ákvæðið er nauðsynlegur hemill á órjettmætar skiftakröfur.

6. gr.

Þarf ekki skýringa.